

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 26/1990. H. H. Leasing & Finans A/S

gegn

Hf. Eimskipafélagi Íslands.

Kærumál. Innsetningargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og sóknaraðila „verði fengin umráð andvirðis 240 fiskkara, 660 lítra að stærð hvers, sem varðveitt er á stofnskírteini Sparileiðar 2 í Íslandsbanka nr. 201307, sem er í vörslum kærða, Hf. Eimskipafélags Íslands“. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt samkomulag, sem málsaðilar gerðu með sér í júní 1991. Samkvæmt því samþykkti varnaraðili, að sóknaraðili seldi tilgreindum aðila þau 240 fiskkör, sem um er fjallað í hinum kærða úrskurði. Fór salan fram, en um það var samið, að söluandvirðið skyldi lagt inn á bankareikning, eins og gerð er grein fyrir í kröfugerð sóknaraðila.

Eftir þessa ráðstöfun á andlagi kröfu sóknaraðila um innsetningargerð eru brostnar lagaforsendur fyrir rekstri máls þessa, og ber að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. október 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 3. október sl.

Gerðarbeiðandi í máli þessu, H. H. Leasing & Finans A/S, Danmörku, gerir þá kröfu, að 240 fiskkör, 660 lítrar að stærð hvert, sem nú séu í vörslu Eimskipafélags Íslands hf., verði tekin úr umráðum þess félags og fengin gerðarbeiðanda í hendur. Þá gerir gerðarbeiðandi kröfu um málskostnað úr hendi gerðarþola að mati réttarins.

Gerðarþoli í máli þessu, Eimskipafélag Íslands hf., gerir þær kröfur, að hin umbeðna innsetning nái ekki fram að ganga og að varnaraðila verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir úrskurðardag til greiðsludags.

— — —

Niðurstaða.

Óumdeilt er í máli þessu, að gerðarbeiðandi er eigandi þeirra muna, sem krafist er innsetningar í. Þá er ekki deilt um málavexti. Samkvæmt þeim flutti gerðarþoli fisk á ákvörðunarstað erlendis og aftur til landsins ker þau, sem um er deilt í málinu.

Það er álit réttarins, að gerðarþola hafi verið heimilt að halda eftir kerunum til tryggingar ógreiddum gjöldum vegna flutninganna, sbr. 63. gr. laga nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986, enda ker þessi óumdeilanlega hluti þess farms, sem krafa gerðarþola byggist á. Gerðarbeiðanda hefur ekki tekist að sýna fram á, að réttur hans til keranna eigi að ganga framar haldsrétti gerðarþola skv. 63. gr. laga nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986. Samkvæmt því verður að synja um hina umbeðnu gerð.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 30.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir úrskurðardag.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Krafa gerðarbeiðanda í máli þessu, H. H. Leasing & Finans A/S, Danmörku, að vera settur inn í umráð 240 stk. 660 lítra plastkera, sem nú eru í vörslu Eimskipafélags Íslands hf., er ekki tekin til greina.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 30.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir úrskurðardag.